



Heilbrigðisráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 28. mars 2023
2303084/0.4.1

Efni: Umsögn um drög að skýrslu um aðgerðaáætlun lýðheilsustefnu, mál nr. 70/2023.

Embætti landlæknis fagnar því að lögð hafi verið fram drög að aðgerðaáætlun heilbrigðisráðherra um framkvæmd lýðheilsustefnu til fimm ára. Embættið átti fulltrúa í verkefnahópi heilbrigðisráðherra sem skipaður var í júní 2022 til að vinna að drögum að aðgerðaáætlun í samræmi við lýðheilsustefnu til ársins 2030. Embættið styður við þær megináherslur sem settar eru fram í drögunum en minnir á mikilvægi þess að hugað verði að eftirfarandi við frekari forgangsröðun aðgerða og útfærslu.

Forysta til árangurs

- Greina þörf á nýrri eða breyttri löggjöf um lýðheilsu:** Í þessari vinnu er mikilvægt að horfa til reynslu m.a. Norðmanna sem eru að hefja endurskoðun á sinni löggjöf hvað þetta varðar. Einnig er gott tækifæri að horfa til Finnlands þar unnið er að innleiðingu umfangsmikilla skipulagsbreytinga á sviði heilbrigðis- og velferðarmála sem snerta öll stig stjórnsýslunnar, hvað er að ganga vel og hvað síður vel. Í þessu samhengi er ekki síst mikilvægt að huga að jöfnuði til heilsu og hvaða tækifæri eru til að auka samfellu og samvinnu þvert á stig samfélagsins og málaflokka þannig að mögulegt sé að mæta þörfum sem flestra einstaklinga og hópa.
- Lýðheilsumat:** Embættið styður að lýðheilsumat, mat á áhrifum á mismunandi hópa fólks, verði hluti af heildrænu sjálfbærnimati enda góð samsvörun á milli grunnstoða sjálfbærni og áhrifaþátta heilbrigðis og vellíðanar. Auk þess að innleiða lýðheilsumat á vettvangi ríkisins er ekki síður mikilvægt að innleiða það á vettvangi sveitarfélaga með samræmingu og samþættingu að leiðarljósi. Reynslan hérlendis sem erlendis sýnir að forsendur árangursríkrar innleiðingar eru m.a. að tryggja viðeigandi aðföng, ferla og færni. Ísland hefur þegar lært ýmislegt af vinnu Wales og Finnlands á sviði lýðheilsu og reynsla við framkvæmd lýðheilsu er þegar til staðar m.a. hjá embættinu og Reykjavíkurborg. Í tengslum við evrópuverkefni sem hefst að óbreyttu undir lok ársins er í farvatninu hagnýtt samstarf Íslands og fleiri Evrópuþjóða um þróun og útfærslu áhrifamats á vettvangi ríkis og sveitarfélaga, undir forystu Finnlands og Austurríkis, sem ætti að reynast gagnlegt fyrir þessa vinnu.
- Lýðheilsusáttmáli:** Embættið fagnar því að þverfagleg samvinna stjórnvalda og annarra hagaðila á sviði lýðheilsu verði formgerð og eflað frekar. Þegar er til staðar slíkt samstarf m.a. í tengslum við starf Heilsueflandi samfélags (rúm 95% landsmanna búa nú í slíku samfélagi), Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla og Heilsueflandi vinnustaða og einnig innleiðingu laga um farsæld barna. Reynslan úr þessu starfi undirstrikar mikilvægi þess að stjórnvöld stilli enn betur saman strengi og geri það sem í sínu valdi stendur til að samræma, samþætta og styðja við starf sem miðar að bættum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan íbúa á öllum aldri, með ólíkar þarfir í heimabyggð. Í ljósi

vaxandi áhrifa loftslagsbreytinga á heilsu og líðan fólks væri æskilegt að sjálfbærni í víðara samhengi væri liður í sáttmálanum.

- **Stefna og aðgerðaáætlun áfengis- og vímuvarnir**, þörf er á að uppfæra stefnu og setja fram aðgerðaáætlun til að nálgast þennan málaflokk með heildstæðum og árangursríkum hætti.
- **Stefna og aðgerðaráætlun í tóbaks- og nikótínvörnum**, þörf er á að gefa út stefnu og aðgerðaáætlun til að nálgast þennan málaflokk með heildstæðum og árangursríkum hætti.

Rétt þjónusta á réttum stað

- **Heilsueflandi samfélög, Heilsueflandi skólar, lýðheilsustarf í heimabyggð/sveitarfélögum**

Almennt er mikilvægt að komi fram tenging við þetta starf í lýðheilsusáttmálanum sbr. lið 3. Til viðbótar við þau áhersluatriði sem þegar eru nefnd í drögum áætlunarinnar væri gagnlegt að huga að eftirfarandi:

- Tryggja þarf að umsjónaraðilar heilsueflandi starfs í Heilsueflandi samfélögum, skólum og vinnustöðum fái viðeigandi starfshlutfall, fjármagn, umboð til aðgerða og annan stuðning til að sinna sínu hlutverki.
- Þegar er til staðar gott samstarf á milli Barna- og fjölskyldustofu, Mennta- og barnamálaráðuneytisins og Heilsueflandi framhaldsskóla um innleiðingu farsældar í skólum. Á sama hátt væri æskilegt að auka enn frekar á samræmingu og tengsl um innleiðingu farsældar barna í tengslum við starf Heilsueflandi leik- og grunnskóla annars vegar og Heilsueflandi samfélags hins vegar.
- Tryggja aðgengi og eftirlit með hollum máltíðum á öllum stigum skólakerfisins og á öllum aldurskeiðum.
- Samanber m.a. lýðheilsumat og gátlista Heilsueflandi samfélags, skóla og vinnustaða er mikilvægt að lýðheilsa sé órjúfanlegur hluti af undirbúningi og framkvæmd stefna og aðgerða á sviði skipulags- og samgöngumála.
- Andleg heilsa og líðan hefur almennt farið versnandi undanfarin ár og mikilvægt er að halda áfram að leita allra leiða til að sporna gegn þeirri þróun.

Virkir notendur


- **Heilsuvera og heilsueflandi móttaka:** Embættið styður heilshugar að áfram verði haldið að efla Heilsuveru sem vettvang upplýsingamiðlunar gagnvart almenningi. Í því sambandi væri m.a. gagnlegt að halda áfram að þróa lausnir sem snúa að því að hjálpa fólki að finna skipulagða hreyfingu og önnur virkniúrræði við hæfi.
- Almennt er mikilvægt að halda áfram að finna leiðir til að efla samstarf heilsugæslu og sveitarfélaga um heilsueflingu og forvarnir á öllum æviskeiðum m.a. í gegnum starf Heilsueflandi móttöku og Heilsueflandi samfélags.

Gæði í fyrirrúmi og hugsað til framtíðar

- Mikilvægt er að finna leiðir til að efla enn frekar gagnaöflun um viðkvæma og jaðarsetta hópa til að geta betur mætt þeirra þörfum. Í þessu sambandi er m.a. mikilvægt að framkvæma landskönnun á mataræði barna og ungmenna.
- Tengt punktinum á undan er mikilvægt að vinna áfram að því að efla gagnaöflun þannig að stjórnvöld á vettvangi ríkis og sveitarfélaga, skólar og aðrir hagaðilar hafi sem bestar upplýsingar um lifnaðarhætti, heilsu og líðan íbúa þannig að starfið verði eins markvisst og mögulegt er á hverjum tíma.

- Loftslagsbreytingar eru stærsta áskorun 21. aldarinnar. Ýmsum spurningum er ósvarað hvað varðar loftslagsbreytingar og lýðheilsu í íslensku samhengi og er mikilvægt að setja aukinn kraft í rannsóknir á því sviði.

Virðingarfyllt,


Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis